

Ed. **852. Breytingartillögur** [251. mál]
við frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá Jóni Árnasyni, Ásgeir Bjarnasyni og Stefáni Jónssyni.

Við 3. gr.

1. E 1 orðist svo:

E 1. Utan línu, sem dregin er 5 sjómílu utan við Geirfugladrang úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrang í punkt í 10 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms 39), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu.

2. F 1 orðist svo:

F 1. Utan línu, sem dregin er úr punkti í 18 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms 39) í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms 44) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið.